



Fréttabréf

Desember 2015 - www.fia.is

Viðtakandi

Kjaramál flugmanna:

Félagsdómur dæmir í máli FÍA gegn SA fyrir hönd Icelandair Group hf./ Icelandair ehf.

Miðvikudaginn 2. desember s.l. var kveðinn upp dómur í máli FÍA gegn Samtökum atvinnulífsins fyrir hönd Icelandair ehf. Dómkreftur FÍA voru tvær, fyrri krafan var að viðurkennt yrði með dómi að það tímabil sem flugmaður hjá Icelandair er leystur undan starfsskyldum vegna uppsagnar/manafækkunar yfir vetrarmánuði og þar til flugmaður hefur störf að nýju hjá Icelandair skuli reiknast til starfstíma við mat á rétti til starfsaldurtengdra launahækkana, svo fremi sem hið skilgreinda tímabil sé eigi lengra en 4 ár. Rökstuðningur FÍA laut m.a. að því að flugmaður á rétt til þess að fá starfsaldur sinn metinn sem samfellu frá fastráðningardegi samkvæmt starfsaldursreglum, svo lengi sem flugmaður haldi starfsaldursrétti sínum. Hafi ætlun Icelandair verið að undanskilja það tímabil sem flugmanni sé haldið frá störfum vegna einhliða ákvörðunar félagsins um manna-fækkun, hafi borið að kveða skýrt á um það í kjarasamningi eða í starfsaldurs-reglum. Máli sínu til frekari stuðnings benti FÍA á að flugmaður sem er leystur undan störfum heldur öllum skilríkjum og búnaði sem hann þarf til að sinna störfum hjá Icelandair þ.m.t. ID kortum, tölvum, internettengingu, einkennisfötum og heyrnartólum. Þá hafi flugmaður einnig aðgang að höfuðstöðvum Icelandair og áhafnar-herbergi, aðgang að starfsmanna-



neti, tölvupósti og öðrum rafrænum gögnum sem þar séu. Uppsagnir séu því eins konar málamyndagerningar sem gerðir séu með því augnamiði að losna tímabundið undan greiðsluskyldu launa enda sé gert ráð fyrir því af hálfu Icelandair að flugmennirnir komi til baka þegar Icelandair þóknist.

Síðari krafa FÍA var að viðurkennt yrði með dómi að flugmaður sem nýráðinn er til Icelandair með a.m.k. tveggja ára reynslu af sambærilegu starfi hjá öðrum flugrekanda, skuli fá starfsreynslu sína metna til launahækkunar sem nemi tveimur launaflokkum, í samræmi við bókun B13 í kjarasamningi FÍA við Icelandair Group hf./Icelandair ehf. Þessi krafa kemur í ljósi þeirrar framkvæmdar að allir flugmenn hafa verið settir í lægsta launaflokk hjá félaginu þegar þeir hefja störf óháð starfsreynslu viðkomandi flugmanns.

Rökstuðningur Félagsdóms vegna fyrri kröfuleidsins var að í málinu hafi ekkert komið fram sem stutt gat það

að uppsagnir vegna manna-fækkunar yfir vetrarmánuði hafi ekki sömu áhrif og uppsögn á ráðningasamningi hefur almennt. Því þurfi að ganga út frá því að við lok uppsagnarfrests falli ráðningasamningur milli flugmanns og Icelandair úr gildi með öllum þeim réttaráhrifum sem hann hafði. Þá féllst Félagsdómur ekki á að uppsagnirnar séu gerðar til málamynda

og taldi auk þess að engin ákvæði í kjarasamningi aðila gæfu skýrlega til kynna að flugmenn geti áunnið sér rétt til starfsaldurtengdra hækkana á launum meðan þeir eru ekki við störf hjá stefnda í kjölfar árstíðabundinnar uppsagnar. Á grundvelli þessa var Icelandair sýknað af fyrri kröfuleið FÍA.

Niðurstaða Félagsdóms vegna síðari kröfuleiðar FÍA var að Icelandair ber ábyrgð á því að greiða starfsmönnum í þjónustu félagsins laun í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Kallar það á að Icelandair ákveði með túlkun eða fyllingu á kjarasamningi hver réttur starfsmanns sé að þessu leyti í hverju tilviki. Þrátt fyrir þetta hefur félagið ekki enn tekið afstöðu til þess hvaða merkingu það telji rétt að leggja í áskilnað bókunar B 13 um að starf flugmanns þurfi að vera sambærilegt og hjá öðrum flugrekanda. Á grundvelli þessa viðurkenndi Félagsdómur síðari kröfuleið FÍA.

**Starfsfólk
skrifstofu**
bls 2

**Lánamöguleikar
EFÍA**
bls 4

**Pungaðir
flugmenn**
bls 5

**Alþjóðastarf
FÍA**
bls 6-7

**Nýr valkostur
í heilbrigðisskoðun**
bls 8

Framkvæmdastjórnarskipti um áramót og frekari ráðningar

Kjartan Jónsson hættir sem framkvæmdastjóri og Sigrún Jóhannesdóttir tekur við.

Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri FÍA, hefur ákveðið að láta af störfum framkvæmdastjóra nú um áramótin og hefur stjórn FÍA samið við Sigrúnu Jóhannesdóttur sem starfað hefur um árabil á skrifstofu félagsins, að taka við starfinu er Kjartan hættir.

Sigrún er viðskiptafræðingur frá Bifröst og hefur orðið mikla reynslu af störfum fyrir FÍA og því flestum hnútum kunnug í þessu starfi.

Í dag eru fjórir starfsmenn á skrifstofunni en auk Sigrúnar og Kjartans eru Kjartan Norðdahl og Erna Á Mathiesen sem bæði eru lögfræðingar. Erna er í fullu starfi en Kjartan í hálfu fram til 1. febrúar 2016 en þá mun hann minnka starfshlutfall sitt niður í fjórðungsstarf.

Þá er búið að ganga frá ráðningu á nýjum þjónustufulltrúa á skrifstofuna og mun hún hefja störf 1. febrúar 2016. Þjónustufulltrúinn verður kynntur nánar þegar nær dregur.



Kjartan Jónsson, flugmaður hjá Icelandair og fráfarandi framkvæmdastjóri FÍA.



Sigrún Jóhannesdóttir, þjónustufulltrúi FÍA og verðandi framkvæmdastjóri.



Kjartan Norðdahl, lögfræðingur á skrifstofu FÍA til vinstri og Sigrún Jóhannesdóttir, þjónustufulltrúi til hægri, við jólaþrengingar á skrifstofunni fyrir aðventuna. Félagsmenn fá Nóa konfekt á kaffistofunni ef þeir kíkja í heimsókn á aðventunni.



Fréttabréf FÍA

Ritstjóri

Kjartan Jónsson
kj@fia.is

Umbrot

Kjartan Jónsson
kjartan@dot.is

Myndir

airliners.net
Baldur Sveinsson
Shutterstock

Útgefandi

Félag íslenskra
atvinnuflugmanna

desember 2015

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er heimil gegn því að heimilda sé getið.

Sjúkrasjóður FÍA:

Breyting á desembergreiðslu Sjúkrasjóðsins

Ákveðið hefur verið að breyta desembergreiðslu sjúkrasjóðsins með þeim hætti að hún verður ekki greidd í desember þetta ár, heldur er greiðslan færð yfir á marsmánuð. Ástæða breytingarinnar er til að dreifa vinnuálagi við uppgjör hjá starfsfólki skrifstofu FÍA betur yfir árið en vinnan kæmi þá í kjölfar þess að ársreikningar FÍA eru kláraðir fyrir aðalfund.

Rétt þótti að tilkynna þetta strax hér í fréttabréfinu til að menn væru ekki að treysta á þessa greiðslu í desember sem hefur verið reglubundin í mörg ár.





*Starfsfólk og stjórn FJA
óskar félagsmönnum
sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi árum.*

Breytingar á lánamöguleikum EFÍA

Eftirlaunasjóður FÍA (EFÍA) hefur um nokkurt skeið boðið sjóðfélögum sínum upp á hagstæð sjóðsfélagalán. Allir sjóðfélagar geta sótt um lán gegn fasteignaveði og sjóðurinn innheimtir hvorki lántökugjöld né uppgreiðslugjöld. Sjóðfélögum hafa staðið til boða verðtryggð lán með breytilegum vöxtum en kröfur um aukið framboð og valmöguleika þegar kemur að lántöku hafa aukist og þeim vill stjórn sjóðsins mæta.

Stjórn EFÍA hefur haft til skoðunnar breytingar á reglum um sjóðfélagalán sjóðsins. Markmið breytinganna er að auka framboð lána á samkeppnishæfum kjörum til sjóðfélaga og mæta um leið breytingum á fjármálamarkaði.

Nú um áramótin er stefnt að því að nýjar lánareglur sjóðsins taki gildi og er það von stjórnar að markmiðinu verði náð með þeim. Samhliða gildistöku nýrra lánareglna verða vextir á nýjum og núverandi lánum sjóðfélaga endurskoðaðir. Boðið verður upp á þrjár tegundir lána, verðtryggð lán með breytilegum vöxtum, verðtryggð lán með föstum vöxtum út lánstímann og óverðtryggð lán með föstum vöxtum til þriggja ára. Sjóðfélagar hafa til viðbótar val um það í öllum tilfellum hvort þeir kjósi jafnar afborganir af lánum sínum eða jafnar greiðslur. Þá verður veðhlutfall lánanna jafnframt aukið með viðbótarláni upp að 75% veðhlutfalli.

Verðtryggð lán með breytilegum vöxtum

Breytilegir vextir á verðtryggðum lánum taka breytingum að jafnaði á þriggja mánaða fresti. Við ákvörðun breytilegra vaxta verðtryggðra lána sjóðsins er horft til breytinga á meðal-ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa síðustu þrjá almanaksmánuði að viðbættu vaxtaálagi sem stjórn ákveður með hliðsjón af m.a. útlánaáhættu og rekstrarkostnaði sjóðsins.

Verðtryggð lán með föstum vöxtum

Verðtryggð lán með föstum vöxtum bera sömu vexti út lánstímann. Fastir vextir verðtryggðra lána eru ákvarðaðir af stjórn sjóðsins. Fastir vextir taka ekki breytingum á lánstíma.



Óverðtryggð lán

Óverðtryggð lán sjóðsins verða með föstum vöxtum til 3 ára í senn. Að þeim tíma liðnum getur sjóðfélagi valið að færa sig yfir í annað lánsform eða festa óverðtryggða vexti að nýju til þriggja ára. Vextir óverðtryggðra lána sjóðsins eru ákvarðaðir af stjórn.

Veðhlutfall

Veðhlutfall sjóðfélagalána hefur að hámarki verið 65% af markaðsvirði fasteignar, þó aldrei hærra en 100% af brunabótamati. Það hlutfall verður hækkað í 75% með sérstöku viðbótarláni.

Eiginleikar óverðtryggðra og verðtryggðra lána eru ólíkir og greiðslubyrðin getur verið mjög mismunandi. Þegar kemur að lántöku er því

mikilvægt að kynna sér framboðið vel og velja þá lánasamsetningu sem best fellur að ráðstöfunartekjum og óskum um hraða eignamyndunar. Sjóðfélögum stendur til boða að blanda saman ólíkum lánsformum og ná þannig fram þeirri samsetningu sem best fellur að óskum og greiðslugetu hvers og eins. Til að auðvelda sjóðfélögum ákvarðanatökuna verður sett upp samanburðarreiknivél á heimasíðu sjóðsins. Sérfræðingar Arion banka eru einnig ávallt reiðubúnir að veita ráðgjöf þegar kemur að lántöku.

Nýjar lánareglur verða birtar á heimasíðu sjóðsins þegar þær taka gildi ásamt vaxtakjörum lána.

Snædis Ögn Flosadóttir
framkvæmdastjóri EFÍA

Fundi frestað í Brussel

Ráðstefnu ECA sem halda átti í lok nóvember s.l. var frestað vegna hryðjuverkaógnar í borginni. FÍA hugðist senda tvo fulltrúa á fundinn sem átti um leið að vera aðalfundur ECA. Ákveðið var að fresta fundinum til febrúar á næsta ári, en til að ljúka aðalfundarstörfum eins og belgísk lög kveða á um, var settur á fjarfundur með eingöngu þeim dagskráratríðum sem verður að klára lögum samkvæmt innan þessa árs. Það voru kosningar til stjórnar

ECA og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Bæði þessi atriði voru klárað fljótt og vel þar sem sjálfkjörið var í báðar stöður innan stjórnar án mótframboða og fjárhagsáætlun samþykkt eins og kynnt hafði verið. Umræða um fjármálin verður tekin á fundinum í febrúar, m.a. í ljósi þessi að fjárhagur ECA hefur þýngst þar sem félagsmönnum hefur fækkað í aðildarfélögunum, einkum í Frakklandi og á Ítalíu.

Jóhannes Bjarni Guðmundsson

Pungaðir flugmenn



Hannes Petersen
trúnaðarlæknir FÍA
skrifar

Hópur kvenkyns flugmanna fer vaxandi og er rúmlega 10% flugmanna á Íslandi. Vert er að athuga að hlutfallið er hæst meðal yngri flugmanna, þ.e. á barneignaraldri og því mikilvægt að huga að ýmsum þáttum er geta tengst þungun þeirra.

Þegar viðmiðunarreglur EASA (acceptable means of compliance and guidance material to Part-Med no. 1178/2011) eru skoðaðar, þær er taka til þungunar handhafa 1. flokks flugskýrteinis, má lesa eftirfarandi:

AMC1 MED.B.045 *Obstetrics and gynaecology*

(c) *Pregnancy*

(1) *A pregnant licence holder may be assessed as fit with a multi-pilot limitation during the first 26 weeks of gestation, following review of the obstetric evaluation by the AeMC or AME who should inform the licensing authority.*

(2) *The AeMC or AME should provide written advice to the applicant and the supervising physician regarding potentially significant complications of pregnancy.*

Þessi viðmið taka einvörðungu til heilsufars móðurs en láta hjá líða að taka tillit til fósturs.

Ein þekkt heilsufarsvá flugmanna er geimgeislun. Ekki eru allir útsettir í sama mæli heldur fer geislunin eftir flughæð og flugleiðum og er meiri á norðlægum breiddargráðum en nær miðbaug og því er geislunin marktækt meiri um borð í flugvélum (farþega/vöruflutningar til og frá Íslandi) en á jörðu niðri. Í gegnum krækjuna www.helmholtz-muenchen.de/epcard má reikna þá geislun sem einstaklingar eru útsettir fyrir meðan á flugi stendur. Almennt er talið að flugfarþegar séu í engri hættu, meðan annað gildir fyrir flugáhafnir. Geimgeislun er jónandi geislun sem er samsett geislun m.a. róteinda, ljóseinda og rafeinda. Styrkur geislunarinnar er mismunandi, en hæð yfir sjávarmáli, breiddargráðu staðsetning og ákefð sólstorma hafa áhrif á styrkinn. Gerð flugfars, stefna geislunarinnar og bygging mannslíkamans hafa áhrif á það hversu djúpt í líkama geilsunaráhrifa gætir.

International Commission on Radiological Protection (ICRP) í Evrópu



og National Council on Radiation Protection í BNA hafa ályktað að einstaklingar ættu ekki að vera útsettir fyrir meiri jónandi geislun en sem nemur 1 millisieverti á ári (1 mSv/ári) og þungaðar konur ekki meira en sem nemur 1 mSv á meðgöngu (40 vikur). Sömu nefndir hafa ályktað að flugáhafnir séu í sérstakri áhættu hvað geimgeislun varðar og að árleg jónandi geislun þeirra sé yfir þessum viðmiðum. Því sé mikilvægt að flugliðar séu meðvitaðir um þessa heilsuvá og hvaða aðgerðum megi beita til að draga úr henni.

Geislavarnir þungaðra einstaklinga er vert að skoða sérstaklega. Þungun þ.e. þroski og vöxtur einstaklings frá frjóvguðu eggi til fóstursvísis og áfram að fullburða fóstri fela í sér myndunar- og vaxtarferli, sem eru sérstaklega næm fyrir geislun sem getur haft neikvæð eða skemmandi áhrif á ferlið og þannig leitt til vansköpunar og vanvaxtar. Almennt þurfa þungaðar konur ekki að hafa áhyggjur af umhverfisgeislun, en öðru máli gegnir um þungaða flugmenn sem auðveldlega ná áður nefndu viðmiði 1 mSv/meðgöngu. Því er ljóst að þungaður flugmaður þarf að aðlagja vinnutilhögun sína (stutt flug, lægri hæð, nálægt miðbaug ☺) þannig að viðmið hámarks geislunar á meðgöngu náist ekki, svo vernda megi fóstur. Algennt er að þungun sé staðfest 4 vikur eftir getnað. Á þeim tímapi punkti hefur myndun allra helstu

líffærakerfa hafist og fangið er við það að taka á sig byggingu fóstursvísis sem er um 5 mm að stærð. Vert er að hafa í huga að þó svo næmi geislunar á fyrstu vikum meðgöngu sé mikið þá er fósturvísirinn það lítill og vel varinn af móður að litlar líkur eru á áverka af völdum geislunar í flugi. Þegar fóstur stækkar fara innbyggðar varnir í líkama móður að mega sín minna og á 16. – 20. viku meðgöngu, þá fóstur er um 15 - 20 cm að stærð eru það kviðveggur móður ásamt fósturhimnum og legvatni sem skýla fóstri. Það er talið að bein geislun á fóstur sé 50% – 75% af geislaskammti móður. Í Kanadískri rannsókn sem kannaði geislun flugliða var meðal geislun þeirra um 11 μ Sv/klst sem gerir um 5.5 μ Sv/klst meðal geislun á fóstur sé tekið tillit til þess að helmingur geislamagns nái til fósturs. Ef áfram er miðað við viðmiðunar (1 mSv/meðgöngu) geislaskammt fósturs þá ætti ætti hann að nást á 190 flugklukkustundum.

Vinnuálag íslenskra atvinnuflugmanna er mismunandi og því ómögulegt að segja á hve löngu vinnutímabili 190 flugstundir nást. Samkvæmt vinnureglum sem stuðst er við á Íslandi og taka til flugliða annarra en flugmanna þá er viðmið vinnulengdar 16 vikur, tímalengd sem er til muna styttri en þær 26 vikur sem leyfa þunguðum flugmönnum að fljúga.

Alþjóðasamstarf:

Samstarf dómara og sérfræðinga í flugi



Sara Hlín Sigurðard.,
flugmaður og
lögfræðingur í
alþjóðanefnd FIA
skrifar

Síðan árið 2010 hafa EUROCONTROL og IFATCA (International Federation of Air Traffic Controllers) haft það markmið sínu að koma á laggirnar hópi sjálfstæðra sérfræðinga sem væru til taks við að aðstoða dómara og saksóknara í mögulegum dómsmálum varðandi flug. Í kjölfarið var ákveðið að halda nokkur námskeið sem þeir kalla *Prosecutor Expert Course*. Síðustu misseri hefur ECA (European Cockpit Association) einnig haft aðkomu að námskeiðshaldinu. Til að komast að þarf umsækjandi að fara í gegnum umsóknarferli og njóta stuðnings frá sínu stéttarfélagi. Við vorum 5 flugmenn valdir af ECA og 8 flugumferðarstjórar valdir af IFATCA sem sóttum námskeiðið í nú í byrjun nóvember í höfuðstöðvum EUROCONTROL í Brussel. Auk okkar voru á námskeiðinu 2 ítalskir hæstaréttadómarar, 13 saksóknarar víðsvegar að úr Evrópu og 10 áhorfendur (observers).

Þétt dagskrá á námskeiðinu

Í 4 daga var keyrð þétt dagskrá þar margir áhugaverðir einstaklingar héldu fyrirlestra. Farið var ítarlega ofan í saumana á „Just Culture“ hugtakinu (sem margir þekkja eflaust enn sem „No Blame Policy“) og hvernig það birtist í bæði Evrópulöggjöf sem og í starfi flugmanna og flugumferðarstjóra. Just Culture snýst um að markmiðið sé

ávallt að auka flugöryggi í stað þess að einblína á hver gerði hvað. Ekki ætti lögsækja flugmenn og flugumferðarstjóra fyrir mistök nema um stórfellt gáleysi eða ásetning sé að ræða. Við rýndum í þá þunnu línu sem aðskilur það að vera hetja eða sakborningur og ræddum mikilvægi þess að finna þyrfti jafnvægi milli ákæru og öryggis. Viða í Evrópulöggjöf er gerður greinarmunur á stórkostlegu gáleysi og einföldu gáleysi þegar mistök eru gerð án þess að útlista nánar hvað það felur sér. Valdið til að ákveða hvað eigi við í ákveðnu máli er hjá dómurum og viðurkenndu bæði þeir dómarar og saksóknarar sem sóttu námskeiðið að oft væri þetta mat erfitt þar sem gerðu sér ef til vill ekki fulla grein fyrir því hvar ábyrgðin lægi í flóknum málum.

Flugmenn og flugumferðarstjórar bera gríðarlega ábyrgð í störfum sínum og lagaleg staða þeirra er oft flókin. Þessir aðilar þurfa ávallt að vera tilbúnir að taka erfiðar ákvarðanir, jafnvel á sekúntubroti í krefjandi aðstæðum. Það er þó alveg ljóst að við stöndum okkur vel því að meðaltali eru 4.4 milljónir fluga á bak við hvert alvarlegt slys.

Sýndarréttarhöld

Síðasta dag námskeiðsins voru sétt upp sýndarréttarhöld í kringum raunhæft verkefni. Okkur var skipt í

tvo hópa; sækjendur og verjendur en í hvoru liði voru flugmenn, flugumferðarstjórar og saksóknarar. Hæstaréttardómararnir tveir dæmdu svo frammistöðu okkar. Við flugmenn og flugumferðarstjórar fengum góðar leiðbeiningar um hvernig okkur bæri að útskýra hluti án þess að mynda okkur skoðun á sekt eða sakleysi og leiðbeindum svo lögfræðingunum þar sem þeir kröfluðu sig í gegnum atvikalýsinguna. Það var gríðarlega áhugavert að sjá hversu erfitt það var að útskýra hluti sem okkur þykja hinir einföldustu, svo sem áhrif hliðarvinds á flugvél í flugtaki, fyrir dómurunum og saksóknurunum. Maður sá vel hversu mikilvægt það fyrir aðila sem sækja og dæma í þessum málum að leita sér aðstoðar sérfróðra aðila. Það var ákaflega áhugavert að geta rætt þessi mál opinskátt beint við lögfróðu aðilana og dýrmætt að koma á tengslaneti sem auðveldar aðgang að upplýsingum um flugdómsmál í Evrópu.

Að lokum langar mig að benda á splunkunýja reglugerð Evrópusambandsins nr. 376/2014 um tilkynningu atvika í almenningssflugi sem tók gildi þann 16. nóvember síðastliðinn. Þar er stórt og mikilvæg skref stigið með því að orða í reglugerð mikilvægi Just Culture stefnunnar í öllu almannaflogi í Evrópu.



Dómarar, saksóknarar, flugmenn og flugumferðarstjórar frá hinum ýmsu Evrópuríkjum samankomnir á námskeiði í höfuðstöðvum Eurocontrol í Brussel.

Nordic Pilots Symposium í Helsinki:

Purfum að sameina og nýta kraftana betur



Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður alþjóðanefndar FÍA skrifar

Fundur norrænna stéttarfélaganna var haldinn í Helsinki í byrjun nóvember s.l. sem kallað hefur verið Nordic Pilots Symposium. Þar komu saman fulltrúar frá stéttarfélögum flugmanna í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Grænlandi, Danmörku og Íslandi. Undirritaður sat fundinn fyrir hönd FÍA. Slíkir fundir hafa verið haldnir reglulega síðustu tvö árin en fyrsti fundurinn var einmitt í Helsinki haustið 2013. Viðfangsefnið núna var að fara yfir það sem farið var af stað með í upphafi, hvað hefur áunnist og hvað menn vilja gera í framtíðinni.

Allir fundarmenn voru sammála um að gildi svona funda væri mikið fyrir öll aðildarfélögin og árangur á svæðinu í heild. Margir eru að fást við sömu vandamál, hvort þau heita RyanAir eða Primera eða félagsleg undirboð almennt. Mikilvægt er að hittast til að skiptast á upplýsingum og fá aðstoð frá nágrönnum sínum og eins er gildi persónulegra kynna alltaf mjög mikið. Þau atriði sem FÍA hefur t.a.m. unnið að í samvinnu við norrænu ríkin og ég nefndi á þessum fundi, er að skoða stöðu kjarasamninga okkar félaga og bera saman við félaga okkar erlendis. Þetta hefur verið gríðarlega mikilvægt fyrir alla vinnu í tengslum við kjarasamningana og hefur nýst okkur með mjög beinum hætti. Önnur atriði er m.a. samvinna varðandi Primera flugfélagið sem stundar félagsleg undirboð á Norðurlöndum og víðar. Einstaklingsaðild að FÍA er líka nokkuð sem við fengum aðstoð og upplýsingar um frá öðrum félögum og nýttum okkur það sem gert hefur verið t.d. í Noregi.

Hvað framhaldið varðar þá var á fundinum mikil umræða um framhald þessa vettfangs og hvort vilji væri til að halda honum áfram. Ákveðið var að halda a.m.k. næsta fund í Noregi fyrirhluta næsta árs enda mikilvægt að gott samstarf haldi áfram, hverju nafni sem það nefnist. Það sem þessi fundur hefur umfram ýmsa aðra, er að hann er óformlegur. Það er ekkert formlegt batterí og hægt er að boða



Jack Netskar frá Noregi, Jóhannes Bjarni, Martin Lindgren frá Svíþjóð, Lars B. Andersen og Aksel Lytzen og Thilde Waast frá FPU í Danmörku og Uwe H. Grödem frá Grænlandi. Myndin er tekin við brottför á flugvelli í Helsinki.

hvern þann fulltrúa flugmanna sem menn vilja. Það væri t.d. ekkert því til fyrirstöðu að fulltrúar WOW flugmannafélagsins mættu á næsta fund, ef vilji er til. En óformlegur fundur hefur líka galla, sérstaklega þegar kemur að raunverulegum aðgerðum eins og í samúðarskyni, ályktunum og fleiru.

Undirritaður lagði mjög ákveðið til á þessum fundi að öll aðildarfélög flugmanna við borðið myndu fara heim með það í farteskinu að skoða formlega aðild að NTF, Norræna flutningaverkamannasambandinu. Tvö félög, þ.e.a.s. FÍA og FPU í Danmörku eru þegar aðilar að sambandinu. Þar með hefði þessi hópur stéttarfélaganna sameiginlegt og formlegt aðildarfélag á norrænum grunni (regnhlíf) til að láta til sín taka. Á þeim vettvangi væri hægt að efla til muna sameiginlegan mátt stéttarfélaganna allra þeirra sem starfa í fluginu, flugmenn, flugfreyjur, flugvirkjar, hleðslumenn, eldsneytisafgreiðslumenn og fleiri. Aukin samstaða þýðir meiri áhrif, þótt allir geri sér grein fyrir ólíkri stöðu og virði samningsumboðs hvers félags. Það er einmitt á grunni þessarar samvinnu sem nýlega náðist markverður

árangur gegn RyanAir í Danmörku.

NTF fundir eru haldnir tvisvar á ári líkt og raunin hefur verið með Nordic Pilots fundina síðustu ár. Ég tel að þetta sé ákveðinn tvíverknaður og óskilvirkara en það þarf að vera. Með því að efla flugdeild NTF með aðild fleiri flugmannafélaga væri kominn formlegur framtíðarvettvangur fyrir fundi í líkingu við þá sem Nordic Pilots fundirnir eru. Það verður auðvitað hvers stéttarfélags að ákveða hvort það velji aðild að NTF eða ekki. FÍA mun í öllu falli reyna að beina öðrum flugmannafélögum í átt að NTF í þeirri von að efla þau samtök og forðast um leið ákveðinn tvíverknað sem að mínu mati er við lýði. Það yrði árangursríkara ef kröftunum væri beitt í eina átt, í stað margra.



Nýr valkostur í heilbrigðisskoðun flugmanna

Flugmenn á höfuðborgarsvæðinu hafa nú nýjan valkost er kemur að endurnýjun heilbrigðisvottorðs.

Vinnuvernd ehf. í Mjóddinni hefur hafið slíkar skoðanir en þar eru tveir fluglæknar. Annars vegar Atli Einarsson sem útskrifaðist frá Læknadeild HÍ árið 1995 og varð sérfræðingur í hjartasjúkdómum 2003. Til þess að fá réttindi til starfa sem fluglæknar þurfa læknar að hafa lokið sérnámi. Að auki hafa þeir þurft, frá 2011, að sækja tvö fluglæknánámskeið. Grunnnámskeið veitir réttindi til að gera einkaflugmannsskoðanir (class 2) og flugfreyjuskóðanir. Framhaldsnámskeið veitir réttindi til að skoða atvinnuflugmenn (class 1) og flugumferðarstjóra (class 3). Leyfi til að starfa sem fluglæknir eru gefin út af Samgöngustofu, til þriggja ára í senn og er leyfið háð því að viss fjöldi skoðana séu framkvæmdar á tímabilinu.

Framhaldsnámskeið tók Atli hjá Lufthansa í Frankfurt, þar sem sérstaklega var farið í umhverfi atvinnu-



Þetta er mynd af okkur sem erum að sinna flugskoðunum. Ég sit til hægri á borðinu og síðan er Bryndís Rut Logadóttir hjúkrunarfræðingur, Þorvaldur Magnússon fluglæknir og síðan Guðbjörg Helga Birgisdóttir hjúkrunarfræðingur.

flugmanna og reglur tengdar heilbrigði þeirra svo þeir geti sinnt starfi sínu.

Hinn fluglæknir stofunnar er Þorvaldur Magnússon, sérfræðingur í lyflækningum og nýrnasjúkdómum. Þorvaldur lauk runnámskeiði til class 2 réttinda í Hollandi nú í september

árið 2015.

Nánari upplýsingar hjá Vinnuvernd ehf. (vinnuvernd.is) Tímappantanir í síma 5780800.

Heilbrigðisskoðanir fara fram í Læknasetrinu í Mjódd.

AÐALFUNDUR FÍA 2016

Aðalfundur FÍA verður haldinn fimmtudaginn 25. febrúar 2016.

Fundarstaður verður auglýstur síðar

Flugið komið út í prettánda sinn – Bæði á prenti og í iPad appi blaðsins

Tímaritið Flugið er nú komið út veglegt sem fyrr. Í blaðinu er að finna efni úr flestum þáttum flugsins. Fyrir atvinnuflugmenn má nefna frásögn af för Boeing 757 manna Icelandair til Suðurpólsins, úttekt á EFB þróun íslenskra félaga ásamt ítarlegri grein um ský frá Birtu Líf Kristinsdóttur.

Einkafluginu er að sjálfsögðu gerð ítarleg skil sem fyrr, farið á flugsýningu í Þýskalandi, skemmtileg frásögn af ferjuflugmanni á leið til Keflavíkur sem

kemst í hann krappann og margt fleira sem hægt er að skemmta sér við yfir kakóbolanum um jólin.

Einfaldast er að panta eintak á www.flugid.is en blaðið verður einnig fljótlega fáanlegt á helstu blaðsölustöðum.

